

Minnisblað

Til: Bæjarráð
Frá: Hafdís Gunnarsdóttir
Dags. 25. júní 2021
Mnr. 2021060055



ÍSAFJARÐARBÆR

Svar við fyrirspurn í-lista vegna málefna leikskólabarna sem þurfa sérstakan stuðning vegna fötlunar

Leikskólinn Sólborg óskaði í febrúar 2021 um að 2,6 stöðugildum yrði bætt við leikskólann vegna stuðningsúrræða við börn sem frumgreining skólasálfræðings bendir til frávíks frá þroska og röskun á einhverfurófi. Málið fór fyrir bæjarráð þann 8. mars 2021 og var málinu frestað.

Í maí 2021 sendi leikskólinn Eyrarskjól og leikskólinn Sólborg beiðni um að samtals tveimur stöðugildum yrði bætt við leikskólana vegna barna með töluverð frávík. Börnin eru bæði með greiningar frá Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins og þaðan er lögð rík áhersla á fullan stuðning við börnin svo þau nái að þroskast í takt við önnur börn.

Nú var ljóst að það voru fimm leikskólabörn án nauðsynlegs stuðnings og ekki hafði fengist heimild til að auka við stöðugildi. Fyrir voru fjögur börn með fullan stuðning, samtals fjögur stöðugildi. Sviðsstjóri skóla- og tómstundasviðs ákvað því að taka þau fjögur stöðugildi, sem notuð eru sem sérstakur stuðningur við börn með sérþarfir, og deila þeim niður á börnin svo ekkert þeirra yrði án nauðsynlegs stuðnings. Það þýddi að öll börnin sem þurftu á stuðning að halda fékk hann þó ekki eins mikinn og þörfin sagði til um, en stuðningur var skorinn niður úr 100% í 60% hjá börnum sem voru með hann fyrir. Ákvörðunin féll í grýttan jarðveg hjá foreldrum, stjórnendum Eyrarskjól og Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins þar sem þau töldu að það væri skylda sveitarfélagsins að veita þann stuðning sem börnin þurftu.

Þörfin fyrir stuðning fyrir börn með töluverð frávík á leikskólum eru því 5,3 en aðeins er gert ráð fyrir 4 í fjárhagsáætlun. Það vantar því 1,3 stöðugildi upp á sem kostar samtals kr.650.784.- á mánuði með launatengdum gjöldum.

Á skóla- og tómstundasviði hefur nú skapast tækifæri til að færa til stöðugildi svo hægt sé að mæta þessari þörf. Hægt er að færa 92,3% stöðugildi frá Grunnskólanum í Önundarfirði vegna fækkunar barna og kostar það kr.678.877.- á mánuði með launatengdum gjöldum. Jafnframt kom í ljós að sviðið er enn að greiða 25% í sérkennslustjóra á Eyrarskjóli, sem átti að vera tímabundin ráðstöfun þangað til búið væri að stækka leikskólahúsnæðið. Nú hefur verið gengið frá því við Hjallastefnuna að Ísafjarðarbær hætti að greiða þennan hlut upp á kr.197.532.- á mánuði.

Það er því ljóst að aðgerðin þarf ekki að hafa í för með sér kostnaðaraukningu, heldur þarf aðeins að færa upphæðirnar á milli liða í fjárhagsáætlun.

HG